



Reykjavíkurborg

Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 13. júlí 2021

SFS2020020024

7.1

IMG/HGH/shj

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um stöðu þeirra barna sem bíða eftir plássi í Brúarskóla - R19050072

Á fundi borgarráðs 6. febrúar 2020 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram fyrirspurn um stöðu þeirra barna sem bíða eftir plássi í Brúarskóla:

Tillaga Flokks fólksins um stækkun Brúarskóla hefur verið felld. Í bókun meirihlutans er gefið i skyn að ekki sé lengur þörf fyrir úrræði eins og Brúarskóla vegna m.a. stofnun farteyma og aukna þjónustu talmeinafræðinga. Engu að síður bíða 19 börn eftir plássi. Flokkur fólksins vill vita hvar þessi börn eru nú að stunda nám og hver er staða þeirra félags- og námslega? Hvaða aðstoð eru þau að fá núna? Hvenær komast þau inn í Brúarskóla?

Svar:

Í júní 2021 voru átta af níu fyrirbyggjandi umsóknum nemenda á miðstigi samþykktar og fyrirséð er að fleiri pláss munu losna í Brúarskóla strax í september nk. Ekki hefur losnað pláss á unglingastigi Brúarskóla síðustu mánuði en þar eru um tíu umsækjendur sem bíða eftir plássi. Hafa ber í huga Brúarskóli er ekki einungis fyrir reykvíska nemendur en um helmingur nemenda kemur frá nágrannasveitarfélögunum.

Þeir nemendur sem eiga umsóknir í Brúarskóla eru í sínum heimaskóla þar sem reynt er eftir bestu getu að mæta þeim félags- og námslega í samstarfi við viðkomandi skólaþjónustu. Eins og staðan er núna er ekki hægt að segja til um hvenær pláss á unglingastigi losna.

Virðingarfyllt

INGIBJÖRG M. GUNNLAUGSDÓTTIR

F.h. sviðsstjóra skóla- og frítundaviðs

Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir

skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála